

Nd.

**521. Frumvarp**

til laga um heimild fyrir landssjóð til að kaupa hlutabréf í Íslands banka og til að gefa út landssjóðs-skuldabréf.

Frá peningamálanefndinni.

Framsögumaður: Magnús Blöndahl.

1. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að kaupa hlutabréf í Íslands banka, alt að 2 milljónum króna og borga hlutabréfin með alt að 101 hundraðið. Hlutabréfunum fylgja arðmiðar frá 1. júlí 1909, og séu kaupin gerð frá þeim tíma.

2. gr.

Til greiðslu á hlutabréfum þessum skal landssjóði heimilt að gefa út jafnháa upphæð í landsjóðs-skuldabréfum. Skulu greiðast  $4\frac{1}{2}\%$  ársvextir af skuldabréfum þessum og greiðast þeir 2. janúar og 1. júlí ár hvert. Skuldabréf þessi kaupir Íslands banki fyrir að minsta kosti 98 hundraðið. Mismun á verði hlutabréfa bankans og skuldabréfa landssjóðs skal greiða í peningum.

3. gr.

Upphæð skuldabréfanna skal vera 500,1000 og 2000 krónur.

4. gr.

Landssjóður skal innleysa landssjóðs-skuldabréf þessi eftir hlutkesti, er fari fram í fyrsta sinn í desember 1910, og sé fyrsti innlausnargjalddagi 1. júlí 1911. Skal innleysa  $\frac{1}{100}$  hluta skuldabréfanna á ári með 40,000 krónum, þannig, að landssjóður hafi leyst þau öll til sín á 50 ára fresti.

Landssjóði er þó heimilt að leysa bréfin til sín aftur að fullu eftir 1. júlí 1919

5. gr.

Þær 2 milljónir, sem landssjóður kaupir í hlutabréfum Íslands banka, skal landssjóður skyldur að geyma sem tryggingu fyrir skuldabréfum þeim, er hann hefir keypt hlutaféð fyrir og sem eru í umferð.

6. gr.

Landritari og dómendur í yfirréttinum skulu fyrir landssjóðs hönd fara með atkvæði landssjóðs sem hlutabréfseiganda á aðalfundum Íslands banka. Skulu þeir hver um sig hafa atkvæði fyrir  $\frac{1}{2}$  milljón hlutafjár. Fyrir starfa þennan fá þeir 250 króna þóknun á ári hverju.